

NORÐURSTRÖNDIN

BLIKASTAÐAKRÓ – GELDINGANES

LÝSING og matslýsing

fyrir deiliskipulag

Dags. 12.05.2011



Reykjavíkurborg
Skipulags- og byggingarsvið

EFNISYFIRLIT

	bls.
Inngangur	1
Afmörkun skipulagssvæðis	2
Stefnumörkun og markmið	3
• Markmið	
• Nytingarhlutafall og byggingarmagn	
Skipulagsferli	4
• Helstu atriði samráðs	
• Matslýsing	
Skipulagsleg staða	7
• Aðalskipulag	
• Deiliskipulag	
Núverandi ástand	12
• Mannvirki	
• Lagnir	
• Akandi og gangandi umferð	
• Náttúrufar og verndun	
• Minjar	
Skýrslur og annað útgefið efni	18

INNGANGUR

Þessi lýsing er hluti forsendna við gerð deiliskipulags sem mun fjalla um framtíðarskipulag Norðurstrandarinnar og er tilgangur lýsingarinnar að vera leiðbeinandi við gerð deiliskipulagsins. Svæðið er samkvæmt Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota og liggur stofnstígur meðfram allri ströndinni. Haustið 2010 var fyrirspurn frá Kajakklúbbnum í ferli hjá embætti skipulagsstjóra varðandi framtíðaraðstöðu fyrir félagið á eiðinu út í Geldinganes. Niðurstaða þess máls var að unnin yrði forsoðgn (lýsing) að deiliskipulagi fyrir svæðið sem næði yfir strandlengjuna frá Blikastaðakró að eiðinu út í Geldinganes sem ein skipulagsleg heild.

Samkvæmt skipulagslögum nr. 123/2010, sem tóku gildi sl. áramót, skal sveitarstjórn við deiliskipulagsgerð taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur sveitarstjórn hafi við skipulagsgerðina og upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, s.s. um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart íbúum og öðrum hagsmunaaðilum. Leita skal umsagnar um lýsinguna hjá Skipulagsstofnun og umsagnaraðilum og kynna fyrir almenningi.


AFMÖRKUN SKIPULAGSSVÆÐIS

Skipulagssvæðið er rúmir 40 hektarar, frekar afgangt svæði meðfram ströndinni og afmarkast af Strandvegi til suðurs, golfbrautum norðan Staðarhverfis að suð- og suðaustan, sjónum og fjörunni að norðan (sem og sveitarfélagsmörkum við Mosfellsbæ) og svæðinu við umhverfislistaverkin í Gufunesi til vesturs. Geldinganes er ekki hluti af skipulagssvæðinu en hluti af eiðinu út í Geldinganes er hins vegar innan afmörkunar skipulagssvæðisins.

Ströndin frá Blikastaðakró að odda Geldinganes er að mestu ósnortin. Svæðið hefur mikið verndargildi vegna náttúru og fuglalífs og lífríkar fjöru einkenna svæðið. Öll strandlínan við norðurströndina er skilgreind sem hverfisverndarsvæði og skv. greinargerð I – stefnumörkun í gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024, 4. mynd þá er Norðurströndin svæði á náttúruminjasrá og hverfisverndarsvæði. Deiliskipulag skal vera í samræmi við stefnumörkun borgaryfirvalda eins og hún birtist í gildandi Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024. Afmörkun skipulagssvæðis og stærð er hér sett fram til viðmiðunar, en nánari afmörkun kemur fram í gerð deiliskipulagsins.



Afmörkun svæðis.



4. mynd í Aðalskipulagi Reykjavíkur, greinargerð I - stefnumörkun.

STEFNUMÖRKUN OG MARKMIÐ

Markmið

- Skipuleggja svæðið sem eina heild.
- Tryggja að fjörunar haldist fjölbreyttar, óspilltar og lífríkar með áherslu á sérstöðu svæðisins sem verndarsvæði og gert fólki eingöngu aðgengilegt á látlausan hátt.
- Vernda náttúru- og söguminjar og hlúa að fugla- og dýralífi.
- Finna stað og gera ráð fyrir framtíðaraðstöðu fyrir Kayakklúbb Reykjavíkur á svæðinu.
- Afmarka byggingareit fyrir núverandi hús veiðifélagsins - við Blikastaðakró.
- Tryggja áfram góðar leiðir gangandi og hjólandi um svæðið, meðfram ströndinni og jafnframt við nálæg íbúðarhverfi.
- Auðga útivistarmöguleika svæðisins með fjölgun áningarstaða og fræðsluskilta.

Nýtingarhlutfall og byggingarmagn

- Nýtingarhlutfall fyrir hugsanlega byggingareiti skal ákveðið í deiliskipulagi.
- Öllum framkvæmdum skal haldið í lágmarki á skipulagssvæðinu.



Skissa sem sýnir hugmyndir sem upp hafa komið varðandi aðstöðu fyrir Kayakklúbbinn í eiðnu út í Geldinganes. Hugmynd sem verður skoðuð í vinnslu deiliskipulagins.

SKIPULAGSFERLI

Gerð lýsingar og tillögu að deiliskipulagi er undir stjórn embættis skipulagsstjóra. Ferill verkefnisins skal vera í samræmi við eftirfarandi megin verkþætti.

- Gagnaöflun og vettvangsferðir og önnur frumvinna.
- Forsendur, landgreining og frumdrög.
- Tillaga að lýsingu lögð fram og kynnt.
- Tillaga að deiliskipulagi unnin ásamt fylgigögnum.
- Umsagna leitað um tillöguna.
- Fullunnin tillaga og lögbundið kynningarferli.

Helstu atriði samráðs

- Lýsing lögð fyrir Skipulagsráð til samþykktar og kynningar.
- Lýsing send hagsmunaaðilum og Skipulagsstofnun til yfirlestrar og athugasemda.
- Lýsing gerð aðgengileg opinberlega á vef Skipulags- og byggingarsviðs og lögð fram til kynningar í þjónustuveri Reykjavíkurborgar, Borgartúni 12-14.
- Skipulagstillaga kynnt hagsmunaaðilum með ólögbundinni hagsmunaaðillakynningu á vinnslustigi.
- Skipulagstillaga kynnt fyrir almenningi með opinberri auglýsingu og kynningarfundum, skv. ákvæðum skipulagslaga nr. 123/2010.
- Gildistaka auglýst í B-deild stjórnartíðinda.
- Tillaga að deiliskipulagi verður unnin í samráði og samvinnu við alla helstu hagsmunaaðila og opinbera umsagnaraðila og innan þess ramma sem við á og leita þarf til, s.s. Orkuveitu Reykjavíkur, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkur, Framkvæmda- og eignasvið Reykjavíkur, Umhverfisstofnun, Náttúrufræðistofnun, Minjasafn Reykjavíkur, Veiðifélag Korpu, Kayakfélagið, Íbúasamtök Grafarvogs, Hverfisráð Grafarvogs o.fl.

Matslýsing

Afmörkun deiliskipulagssvæðisins nær yfir svæði sem fellur undir hverfisvernd í gildandi aðalskipulagi og er því háð lögum nr. 105/2006 um mat á umhverfisáhrifum áætlana. Umhverfismatið verður unnið í umsjón Skipulags- og byggingarsviðs, en leitað verður aðstoðar sérfræðinga varðandi áhrif einstakra þátta meðan á vinnslu þess stendur.

Kynning og samráð

Í tengslum við deiliskipulag þetta verður haft samráð við viðeigandi stofnanir og lögbundið samráð verður haft við Skipulagsstofnun vegna áherslna og umfang umhverfismatsins. Í tengslum við umhverfismatsvinnu er ætlast til að samráðsleiðir séu nýttar til hlítar til að mikilvæg sjónarmið og upplýsingar komi fram. Helstu samráðsaðilar: Umhverfisstofnun, Umhverfis- og samgöngusvið Reykjavíkurborgar, Minjasafn Reykjavíkur og Náttúrufræðistofnun.

Umhverfismat

Matið verður unnið í samræmi við lög um mat á umhverfisáhrifum áætlana 105/2006 sem og leiðbeiningar sama efnis sem eru aðgengilegar á heimasíðu Skipulagsstofnunar. Við umhverfismat á deiliskipulagi þessu verður ekki farið í sérstakar rannsóknir heldur verður stuðst við þær upplýsingar sem liggja fyrir um grunnsástand umhverfis og sem safnað hefur verið í tengslum við unnar skýrslur og útgefið efni um skipulagssvæðið.

Áhrifa- og umhverfisþættir

Við greiningu á þeim þáttum sem hugsanlega geta orðið fyrir umhverfisáhrifum verður tekið mið af fyrirbyggjandi leiðbeiningum um flokkun umhverfisþátta, viðmið og vægi umhverfisáhrifa. Í umhverfisskýrslunni verður skýrt frá eftirfarandi þáttum:

- *Áhrif á hljóðvist*
- *Áhrif á landslag*
- *Áhrif á gróður og fugla*
- *Áhrif á landnotkun*
- *Áhrif á verndarsvæði*
- *Áhrif á fornminjar*

Greint verður frá mögulegum mótvægisáðgerðum ef í ljós kemur að umhverfisáhrif eru í einhverjum af áðurtöldum þáttum talin vera veruleg.

Umhverfisviðmið, einkenni og vægi áhrifa

Í töflu 1 eru tekin saman þau umhverfisviðmið sem lögð eru til grundvallar umhverfismati deiliskipulagsins. Þess ber þó að geta að listinn er ekki tæmandi. Umhverfisviðmið eru notuð sem mælikvarði eða sem vísir sem notaður er til að meta einkenni og vægi þeirra áhrifa sem deiliskipulagstillagan hefur í för með sér.

Stefna	Umhverfisviðmið
Lög	Lög um umhverfismat áætlana nr. 105/2006 Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000 með seinni breytingum. Lög um náttúruvernd nr. 44/1999 með seinni breytingum. Skipulags- og byggingarlög nr. 73/1997 með seinni breytingum. Lög um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998 með seinni breytingum. Þjóðminjalög nr. 107/2001 Lög um landgræðslu nr. 17/1965 með seinni breytingum.
Reglugerðir	Skipulagsreglugerð nr. 400/1998
Skipulagsáætlun	Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024
Önnur stefnuskjöl stjórnvalda	Náttúruminjaskrá Náttúruverndaráætlun 2004-2008 Válistar Náttúrufræðistofnunar Íslands

Tafla 1. Umhverfisviðmið sem höfð verða til hliðsjónar við gerð umhverfisskýrslu

Við greiningu á einkenni og vægi hugsanlegra umhverfisáhrifa er notast við þau hugtök og er skilgreind eru í leiðbeiningum Skipulagsstofnunar um flokkun umhverfisþátta, viðmið, einkenni og vægi áhrifa. Við matið verður notast við þær skilgreiningar á vægi áhrifa sem fram kemur í töflu hér að neðan. Hafa ber í huga nákvæmni áætlunarinnar þegar framkvæmt er mat á vægi áhrifa.

Vægi áhrifa		Skýring
Jákvæð	+	Jákvæð áhrif á umhverfisþátt
Óveruleg	0	Óveruleg áhrif á umhverfisþátt
Neikvæð	-	Neikvæð áhrif á umhverfisþátt

Tafla 2 Skilgreining á vægi áhrifa við umhverfismat deiliskipulagsins

Umfjöllun um kosti

Þeir kostir sem teknir verða til umfjöllunar við mat á umhverfisáhrif áætlunarinnar er núllkostur en það er sá kostur ef ekki yrði farið út í neinar framkvæmdir á svæðinu og sá kostur að koma fyrir aðstöðu fyrir Kajaklúbbinn og fleiri þætti sem fram koma í deiliskipulaginu.

Aðrar áætlanir

Í umhverfisskýrslu verður fjallað um tengsl aðrar áætlanir t.a.m. aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 og aðrar áætlanir sem skipulagsáætlunin kann að vera í tengslum við. Greint verður frá í umhverfisskýrslu hvort breytingin er í samræmi við fyrirliggjandi aðalskipulagsáætlun eða aðrar áætlanir sveitarfélagsins. Ef ósamræmi er að finna verður greint frá því hvað til hvaða aðgerða sveitarstjórn hyggst grípa til úrlausnar.

Aðferðarfræði

Umhverfisáhrifin verða metin út frá fyrirliggjandi gögnum um svæðið. og verður framsetning umhverfismatsins í formi texta og/eða venslatafla.

SKIPULAGSLEG STAÐA

Aðalskipulag

Í Aðalskipulagi Reykjavíkur 2001-2024 er svæðið skilgreint sem opið svæði til sérstakra nota. Stofnstígur liggur í gegnum allt skipulagssvæðið. Ekki er gert ráð fyrir að svæðið sem er merkt blönduð byggð í aðalskipulagi við Geldinganes sé hluti af skipulagssvæðinu. Geldinganes hefur ekki enn verið deiliskipulagt en aðalskipulagið segir til um að þar eigi að rísa blönduð byggð og hafnar- og athafnasvæði ásamt því sem Sundabraut á að liggja þar um. Gert er ráð fyrir stofnstíg sem liggur í gegnum eiðið út í Geldinganes.



Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024.

Aðalskipulag Reykjavíkur 2001-2024 segir til um landnotkun og legu helstu göngu- og hjólréiðaleiða og reiðstíga. Í Aðalskipulaginu Reykjavíkur 2001-2024 segir svo um opin svæði til sérstakra nota: *Á slíkum svæðum er gert ráð fyrir útvistariðkun af ýmsum toga og mannvirkjagerð í tengslum við útvistarnotkun á svæðinu, sjá greinargerð II, hluti 17, Heildarskipulag útvistarvæða. Opin svæði, sem ætluð eru fyrir sértæka starfsemi, eru merkt sérstaklega á landnotkunarkorti. Jafnframt eru settar hér inn að neðan upplýsingar úr greinargerð 1 – stefnumörkun um náttúruverndarsvæði og hverfisvernd, kafli 3.1.12 og kafli 3.1.13 um vötn, ár og sjó.*

3.1.12. Náttúruverndarsvæði og hverfisvernd

a) Friðlýst svæði eru sýnd á þéttbýlisupprætti og svæði á náttúruminjaskrá eru talin upp á skýringarblaði AR18, *Verndarsvæði* og sýnd á mynd 4. Framkvæmdir á friðlýstum svæðum eru háðar leyfi Náttúruverndar ríkisins. Að öllu jöfnu er ekki er gert ráð fyrir mannvirkjagerð á svæðunum nema þeim sem tengjast notkun svæðanna til útivistar og náttúruskoðunar.

b) Eftirfarandi þættir í náttúrufari og lífríki á eftirtöldum svæðum skulu njóta forgangs og hverfisverndar við gerð deiliskipulags svæðanna. Svæðin verða gerð aðgengileg fólki á látláusan hátt, svo sem með stígum og upplýsingaskiltum um sérstöðu þeirra. Allri mannvirkjagerð skal haldið í lágmarki á hverfisverndarsvæðum. Við gerð deiliskipulags á grundvelli náttúrufarsúttekta verður metið í hverju tilfelli fyrir sig hvort leita þurfi umsagnar Náttúruverndar ríkisins ef deiliskipulag kallar á framkvæmdir sem geta haft í för með sér rask á jarðmyndunum og vistkerfum skv. 37 gr. laga um náttúruvernd. Afmörkun hverfisverndarsvæða er skilgreind á 4.mynd en ítarlegri afmörkun verður

3.1.13. Vötn, ár og sjór

Almennt er ekki gert ráð fyrir að byggt sé nær ám og vötnum innan þéttbýlissvæðis borgarinnar en 100 m og í ákveðnum tilvikum allt að 250 m og 20 m frá sjó og ekki sé hindruð leið fótgangandi með fram þeim. Endanleg fjarlægð byggðar frá vötnum, ám og sjó er skilgreind á grunni náttúrufarsúttekta og deiliskipulags viðkomandi svæða. Gera má þó ráð fyrir mannvirkjum sem tengjast notkun svæðanna til útivistar innan 100 m frá bökkum áa og vatna og innan 20 m frá sjó. Afmörkun hverfisverndarsvæða við ár og vötn er ákvörðuð á grunni náttúrufarsúttekta í deiliskipulagi viðkomandi svæða. Stefnir er að því að vinna heildarskipulag fyrir strandsvæði borgarinnar innan tveggja ára frá staðfestingu aðalskipulagsins.

Deiliskipulag


Í þessum kafla er rennt yfir aðliggjandi íbúasvæði og skipulagslega stöðu þeirra. Deiliskipulag fyrir Staðahverfi, Víkurhverfi, Borgahverfi B-hluta og Borgahverfi E-H hluta.

Staðahverfi

Deiliskipulag fyrir Staðahverfi var samþykkt í Borgarráði 25.06.1996. Svæðið er í 20-30 m hæð yfir sjávarmáli og afmarkast af Korpúlfsstaðavegi í suðri, Barðastöðum í austri, en hluti golfvallar GR við ströndina afmarkar skipulagssvæðið til norðurs. Við gerð skipulagsins voru m.a. eftirfarandi meginmarkmið höfð að leiðarljósi:

- Að koma fyrir á svæðinu álitlegu íbúðahverfi sem nýtir landkosti svæðisins sem best, þ.e. útsýni til norðurs og tengsl við nærliggjandi útivistarsvæði.
- Að skipuleggja áhugavert íbúðahverfi sem fellur vel að landslagi og býður upp á fjölbreyttar húsagerðir af einbýli, rað- og parhús og fjölbýlishús.
- Að skapa aðlaðandi umhverfi fyrir íbúana, umferðaröryggi og aðgang að grunnskóla, leikskóla og verslun- og þjónustu.
- Að tryggja göngutengsl úr Staðahverfi úr Staðahverfi við aðliggjandi íbúðahverfi í Borgarholti og Mosfellsbæ.
- Að skapa aðstöðu til golfiðkunar á svæðinu til frambúðar.
- Að sjá fyrir snurðulausri umferð gangandi fólks og reiðhjóla meðfram strandlengjunni allt austur að Blikastaðakró svo og meðfram Korpúlfsstaðaá.

Í skipulaginu var gert ráð fyrir 162 íbúðum í 16 fjölbýlishúsum, 100 íbúðum í einnar hæðar rað- og parhúsum á 29 lóðum, 19 íbúðum í tveggja hæða raðhúsum á fimm lóðum og 108 íbúðum í einbýlishúsum á jafn mörgum lóðum. Samtals um 390 íbúðir. Á nokkrum lóðum var heimilt að byggja einbýlishús með aukaíbúð.



Staðahverfi, deiliskipulag samþykkt 25.06.96.

Víkurhverfi

Deiliskipulag fyrir Víkurhverfi var samþykkt í Borgarráði 19.04.1994. Skipulagssvæðið er vestan við Víkurveg og sunnan við Strandveg. Austan við hverfið er útivistarsvæði við Korpúlfsstaði, en vestan þess er Borgahverfi. Milli Borga- og Víkurhverfis liggur útivistarsvæði og göngustígur sem er hluti aðalstígakerfis Grafarvogs- og Borgarholtshverfa. Það sem helst einkennir svæðið er að því hallar nokkuð í norður, að fjörunni og annað sérkenni eru klappir, "álfasteinar", um miðbik þess. Landhalli er talsverður (1:12) efst í hverfinu. Útsýni til norðurs og norðausturs er frá stórum hluta svæðisins.

Að uppbyggingu Víkurhverfis á sínum tíma stóðu 9 verktakafyrirtæki og markmið skipulagsins tók nokkuð mið af þeim forstendum. Þannig var gert ráð fyrir fjölbreyttri íbúðabyggingu með nokkra áherslu á smærri sambylshús og annað var skilmálar væru nokkuð opnir – að því leiddi að vanda ætti sérstaklega til aðaltekninga hús. Í hverfinu var gert ráð fyrir alls um 504 íbúðum. Húsagerðir skiptast:

- Einbylshús 25 íbúðir.
- Raðhús 66 íbúðir.
- Fjölbýlshús, af ýmsum gerðum um 413.



Víkurhverfi, deiliskipulag samþykkt 19.04.94.

Borgahverfi B-hluti

Deiliskipulag fyrir Borgahverfi B-hluta var samþykkt í Borgarráði 21.03.1995. Skipulagssvæðið nær að Strandvegi í norðurátt, að vestan er Borgahverfi E-H hluti, að sunnan Malarvegur og Borgahverfi A-hluti og Víkurhverfi að austan. Stærð B-hluta er um 6,7 ha. og liggur í um 10-30 m hæð yfir sjávarmáli og hallar landinu til norð-norðausturs. Hvorki er grunn-, né leikskóli á skipulagssvæðinu er þeir eru báðir nyrst í A-hluta Borgahverfis. Verslun- og þjónusta við Spöngina er norðan Borgavegar. Aðalgöngustígur með upphaf syðst í Grafarvogi liggur austan við svæðið um útivistarsvæði og undirgöng í átt til sjávar.

Markmið skipulagsins var að skapa samræma heildarmynd B-hluta Borgahverfis, sem félli vel að náttúru svæðis, nýtti sér landkosti og tengdist aðliggjandi byggð og þjónustu á eðlilegan hátt. Einnig átti að bjóða upp á nokkrar gerðir þétts, lágs sérbylís, til að auka valmöguelika á húsagerðum í Borgarholti II. Stefnt var að því að halda lóðastærðum í lágmarki, en leggja áherslu á góð sameiginleg útivistarsvæði og að veita sem flestum hlutdeild í útsýni, skjóli og góðri sólarátt. Heildarfjöldi íbúða eru 75 og voru aukaíbúðir ekki leyfðar. Húsagerðir skiptast:

- 22 einbýlishús.
- 16 keðjuhús með 32 íbúðum.
- 3 raðhús með 21 íbúð.



Borgahverfi B-hluti, deiliskipulag samþykkt 21.03.95.

Borgahverfi E-H hluti

Deiliskipulag fyrir Borgahverfi E-H hluti var samþykkt í Borgarráði 19.04.1994. Megineinkenni svæðisins er klapparhryggir (Borgir) sem hverfið dregur nafn sitt af. Klapparhryggirnir eru verndaðir. Landinu hallar til norðurs og norðvesturs og er hæðarmunur frá suður-til-norðurs um 24 m (frá 12-36 m.y.s.). Ríkjandi vindáttir eru austlægar og sólfarsvindar hafa töluverð áhrif á svæðinu vegna nálægðar við sjó. Borgahverfi er eitt þriggja hverfa í Borgarholti II, hin eru Víkurhverfi og Engjahverfi.

Markmið með skipulaginu var að þarna risi fjölbreytt byggð þar sem fólk átti þess kost að velja milli mismunandi húsagerða og finna húsnæði við sitt hæfi. Lögð var áhersla á að öll mannvirki á svæðinu yrði hönnuð þannig að þau hefðu sem minnst áhrif á núverandi landslag á skipulagssvæðinu. Vegir og stæði áttu að fylgja landi eins og kostur var þannig að sem minnst þurfi að grafa niður eða fylla upp. Samtals áttu að vera 134-144 íbúðir í Borgahverfi E-H hluti sem áttu að skiptast þannig:

- Keðjuhús 14 íbúðir.
- Einbýlishús 22 íbúðir.
 - (auk þess nokkur hús með heimild fyrir aukaíbúð og kjallara).
- Parhús 24 íbúðir.
- Raðhús 6 íbúðir.
- Fjölbýlishús 68 íbúðir.



Borgahverfi E-H hluti, deiliskipulag samþykkt 19.04.94.

NÚVERANDI ÁSTAND

Mannvirki

Kayakklúbburinn er með aðstöðu í gámum á eiðinu út í Geldinganes til bráðabirgðar. Klúbburinn var stofnaður árið 1981 og er aðili að ÍBR. Starfsemin klúbbsins hefur vaxið með árunum og eru virkir félagar um 400, skv. heimasíðu félagsins. Klúbburinn hefur sl. 9 ár byggt upp aðstöðu sína á eiðinu út í Geldinganes þar sem hefur verið komið fyrir bráðabirgðaaðstöðu í formi gáma. Klúbburinn er einnig með aðstöðu í Sundlaugunum í Laugardal og Nauthólsvík. Í Geldinganesi er geymsluaðstaða fyrir 140 báta auk félags- og sturtuaðstöðu. Klúbburinn hefur bent á eftirfarandi kosti eiðsins fyrir kayakróður, t.d. stutt í fjölbreytt og fallegt róðrasvæði sem og skjólgott svæði sem auðveldar fólki að róa allan ársins hring



Kayakklúbburinn með sína aðstöðu á eiðinu út í Geldinganes.

Höggmyndagarður er staðsettur vestast á skipulagssvæðinu, við Gufunes á um 14.700 m² svæði sem liggur að mestu frekar hátt í landinu. Hallsteinn Sigurðsson myndhöggvari hefur frá 1992 haft þar aðstöðu fyrir höggmyndir sínar og var samþykktur í Borgarráði 26.05.1992, uppdráttur um landstækkun skv. þeim leigusamningi sem gildir fyrir svæðið. Í dag eru núna staðsett 16 listaverk, minni og stærri sem sóma sér vel í umhverfinu. Stígur liggur í gegnum svæðið og er mikill hæðarmunur frá hæsta punkti og þangað til komið austur og út úr höggmyndagarðinum, er farið úr 35-36 m.y.s. niður í 18-19 m.y.s. – um 15 metra hæðarmunur.



Hluti af höggmyndagarðinum í Gufunesi.

Skólagarðar hafa verið starfræktir í Gorvík við Strandveg um langt skeið, en skólagarðar í Reykjavík verða ekki starfræktir sumarið 2011 eins og undanfarna áratugi. Í staðinn fyrir skólagarðanna verður fjölskyldum boðið að leigja sér svæði eða reit til að rækta matjurtir. Yfir 600 matjurtagarðir í Reykjavík verða leigðir almenningi þar sem skólagarðar voru áður, þ.á.m. í Gorvík við Strandveg. Markmið skólagarðanna hefur alltaf verið að kenna börnum umgengni við náttúruna og ræktun gróðurs, þar sem börnin fengu úthlutað garði sem þau báru ábyrgð á allt sumarið og í lok sumars fengu þau afrakstur erfiðis þegar þau gátu fengið að fara með grænmetið heim. Aðaláherslan var lögð á umhirðu garðanna og ræktun í samráði við leiðbeinendur, en einnig voru haldnir leikjadagar eða farið í ferðir. Aðstaðan í Gorvík eru tveir skúrar með aðgengi að köldu vatni og rafmagni, ásamt malarbornu bílplani.



Skólagarðarnir í Gorvík við Strandveg.

Trimmtæki hafa verið sett upp við stíginn meðfram ströndinni, ekki langt frá skólagarðunum og undirgöngunum undir Strandveg. Hafa þau nýlega verið sett upp í kjölfar íbúakosningar í Grafarvogi en þar var hægt að kjósa um þrjá flokka, þ.e. Umhverfi og útivist, Leikur og afþreying og Samgöngur. Í Grafarvogi var Umhverfi og útivist fyrir valinu og trimmtækin við stíginn eitt af því sem var gert. Einnig undir liðinn Umhverfi og útivist heyrði m.a. nestisaðstaða við stíginn meðfram ströndinni sem að sýnist við vettvangsskoðun, vera nýlegir bekkir ekki langt frá trimmtækjum (sjá mynd hér að neðan). Í sömu kosningum var óskað eftir drykkjarfonti við stíginn meðfram ströndinni, en skv. vettvangsferð þá virðist sem hann hafi ekki enn verið uppsettur en væri æskileg viðbót.



Trimmtæki við stíginn, fjær sést aðeins í nýlega nestisaðstöðu.

Veðiðhús er staðsett við Blikastaðakró, en það er ekkert landnúmer né stærð þess að finna í gagnasöfnum FMR né borgarinnar. Húsið er veðiðhús fyrir Úlfarsá (Korpu) sem rennur í sjó við Blikastaðakró. Í Korpu eru leyfðar tvær stangir (fyrir bæði maðk og flugu) og er veiðitímabil frá 01.07 – 20.09 ár hvert. Áin sjálf er 17 km. að lengd og fellur úr Hafravatni og veiðast að meðaltali ár hvert 210 laxar. Veiðihúsið sjálf virkar lítið, en þar er aðstaða til hvíldar og hressingar fyrir leyfishafa og er veiðimönnum skylt að mæta í húsið að morgni veiðidags og framvísa þar veiðileyfi sínu.



Veðiðhúsið við Korpu.

Lagnir

Eitthvað er af lögnum inni á skipulagssvæðinu en þó liggja þær að mestu meðfram Strandvegi og búið að tengja inn á nokkur svæði eitthvað af lögnum. Frárennslisæð liggur út í sjó úr Víkurhverfi við Gorvík. Rafmagn hefur verið tengt að svæði Kayakklúbbsins í gámana á eiðinu við Geldinganes. Kalt vatn og rafmagn er tengt inn á svæði skólagarðanna sem og í veiðihúsið við Blikastaðakró. Haft verður samráð við OR um lagnir og framkvæmdir því tengdu við vinnslu deiliskipulagsins.



Við eiðið út í Geldinganes.

Akandi og gangandi umferð

Stofnstígur liggur í gegnum allt skipulagssvæðið meðfram ströndinni og er mikilvægur hluti af tengingu stígakerfisins frá Mosfellsbæ og áfram suður Grafarvog í átt að innri borg. Töluverður hæðarmunur er frá vestri til austurs og munar allt að 30m frá umhverfislistaverkunum í Gufunesi að stígnum við Gorvík og meðfram ströndinni við Staðahverfi að Blikastaðakró. Stígurinn er malbikaður og í nokkuð góðu ástandi. Alls eru 11 bekkir á skipulagssvæðinu og ruslastampar við flesta þeirra. Góðar stígatengingar eru fyrir hendi inn í Staðahverfi á nokkrum stöðum og jafnframt eru þveranir inn í Víkurhverfi og Borgahverfi á nokkrum stöðum, auk þess sem eru undirgöng undir Strandveg rétt austan við svæði skólagarðana í Gorvík.



Stofnstígur við Blikastaðakró.

Akandi umferð er um svæðið á nokkrum stöðum. Mest umferð er við eiðið yfir í Geldinganes þar sem aðstaða fyrir Kayakklúbbinn er í dag og þverar hann stofnstíginn þar sem liggur austur-vestur. Einnig er hægt að leggja bílum við mjög bágborið bílaplan við svæðið þar sem listaverkin eru, ásamt því sem austast við Blikastaðakró er hægt að aka að veiðihúsinu. Við svæði skólagarðanna í Gorvík er malarborið bílaplan þar sem ekið inn af Strandvegi.



Við eiðið út í Geldinganes.

Náttúrufar og verndun

Um er að ræða stærsta óspillta strandsvæðið á norðurströnd borgarinnar. Samspil fjöru, fjörुकамbs, kletta, mólendis og votlendis gera svæðið all fjölbreytt hvað gróðurfar varðar og verðmætt til útivistar og fróðleiks fyrir íbúana í nærliggjandi hverfum. Norðurströndin er mikilvægt lykilsvæði sem strandsvæði í Reykjavík og hefur sambærileg einkenni í ásýnd og umhverfi eins og Suðurströndin, Grafarvogurinn, Laugarnesið og Gufuneshöfði.

Ströndin frá Blikastaðakró að odda Geldinganes er að mestu ósnortin. Svæðið er talið hafa mikið verndargildi vegna náttúru og fuglalífs og lífríkar fjöru einkenna svæðið. Öll strandlínan er skilgreind sem verndarsvæði og stefnt hefur verið að því að halda strandlengjunni óspilltri. Norðurströndin öll er skilgreint sem verndarsvæði, en slíkum svæðum skal halda óspilltum og eingöngu gerð aðgengileg fólki á látlausan hátt, s.s. með malarstígum og upplýsingaskiltum um sérstöðu þeirra út frá náttúru- eða minjagildi. Jafnframt skal halda öllum framkvæmdum í lágmarki á verndarsvæðum. Hins vegar þá eru öll opin svæði borginni skilgreind sem útivistarsvæði.



Við fjöruna neðan golfvallar.

Blikastaðakró og svæðið í kring er auðugt af fuglum árið um kring, enda er fjaran óröskuð og mikið og auðugt grunnsævi úti fyrir. Einnig er töluvert fuglalíf yfir veturinn. Vitað er um tæplega 20 tegundir sem hafa orpið við Blikastaðakró og eru 13-14 þeirra taldar árvissar. Grafarvogur og Blikastaðakró eru mikilvægir fæðuöflunarstaðir vaðfugla, einkum á vorin. Blikastaðakró er jafnframt mikilvægur viðkomustaður og fæðustaður vaðfugla ásamt því að vetrar- og varpstaður fugla. Landselur er eina selategundin sem sést reglulega undan stöndum borgarinnar og hefur fastan legustað á skerjum við norðurströndina.

Blikastaðakró í heild sinni er ríflega 2 km. löng strandlengja, þar sem skiptast á grunn vík eða víkur með sand og/eða malarfjöru, en á milli ganga klettanef, 2-4 m, í sjó fram. Þau eru yfirleitt vaxin mólendisgróðri og ríkulegum fléttugróðri, en inn af víkunum er graslendi og stundum mólendi ásamt votlendisblettum. Land er talið frekar lítt spillt af raski manna. Gróðurfar við Blikastaðakró einkennist af þurrlendi, einkum graslendi og mólendi. Einnig má þó finna votlendi.



Við eiðið út í Geldninganes, fjær sést í höggmyndagarðinn.

Blikastaðakró, fjaran, fjörukamburinn og mjótt belti upp af honum er að mestu óspillt land hvað gróðurfar varðar. Í aðalskipulagi Reykjavíkur fellur strandlengjan frá Úlfarsá og vestur í Geldinganes undir hverfisverandarsvæði og svæði á Náttúruminjaskrá. Norðurjaðar golfvallarins liggur nálægt fjörinni (Heimild: Náttúrufar með Sundum í Reykjavík, 1999. Náttúrufræðistofnun Íslands).

Minjar

Eitthvað er um mannvistarminjar og örnefni á skipulagssvæðinu og verður haft samráð við Minjavernd Reykjavíkur við gerð deiliskipulagsins. Bæjarstæðið við Eiði (sjá mynd hér að neðan) er það svæði þar sem mest er um minjar innan skipulagssvæðisins. Líklegt má telja að við ströndina í átt að sveitarfélagsmörkum séu litlar eða engar minjar og mun Minjasafn Reykjavíkur útbúa skýrslu um það svæði við gerð deiliskipulagsins.



Mynd sem sýnir minjar við bæjarstæði Eiða.

SKÝRSLUR OG ANNAD ÚTGEFIÐ EFNI

Eftirfarandi skýrslur og ítarefni munu nýtast vel við vinnslu deiliskipulagsins auk gildandi Aðalskipulags Reykjavíkur 2001-2024.

Umhverfi og útivist

Þemahefti Aðalskipulags Reykjavíkur 1996-2016 um umhverfi og útivist var grunnur að stefnu Reykjavíkurborgar að samræmdu heildarskipulagi útivistarsvæða í borginni í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Þemaheftið var hugsað til upplýsingar fyrir borgarana og borgaryfirvöld, einkum þau sem fjölluðu um skipulags- og byggingarmál og til þess að veita aðhald við umfjöllun í nefndum og ráðum.

Útgefandi: Borgarskipulag Reykjavíkur, 1998.

Náttúrufar með Sundum í Reykjavík

Árið 1996 fór Borgarskipulag Reykjavíkur þess á leit við Náttúrufræðistofnun að gerð yrði áætlun um náttúrufarskönnun á tilteknum svæðum í landi Reykjavíkur. Gerð skyldi grein fyrir jarðfræði, gróðurfari og fuglalífi á eftirtöldum óbyggðum svæðum með sundum í landi Reykjavíkur: Elliðaárdalur, Úlfarsá, Blikastaðakró, Grafarvogur, Elliðavogur og Laugarnes. Öll svæðinu eru neðan við 100 m hæð yfir sjó. Markmið þessarar skýrslu og úttektar var að meta ofangreinda náttúrufarsþætti í tengslum við skipulag svæðanna.

Útgefandi: Náttúrufræðistofnun Íslands, 1999. Unnið fyrir Borgarskipulag Reykjavíkur.

Mat á umhverfisáhrifum Sundabrautar 2. áfangi – fornleifar á framkvæmdasvæðinu

Minjasafn Reykjavíkur annast fornleifaskráningu í Reykjavík. Í skýrslu þessari voru teknar fyrir þær fornleifar sem eru innan áætlaðs framkvæmdasvæðis Sundabrautar 2. áfanga eða í næsta nágrenni. Þær jarðir sem framkvæmdin nær yfir að hluta eru Gufunes, Eiði, Sundakot, Glóra, Álfsnes, Esjuberg og Móar. Mat var lagt á gildi minjanna sem framkvæmdarsvæðið hefur áhrif á og gerð tillaga um mótvægisáðgerðir.

http://www.minjasafnreykjavikur.is/Portaldatal/12/Resources/skjol/skyrslur/skyrsla_139.pdf

Útgefandi: Minjasafn Reykjavíkur, 2008.

Lýsing þessi var samþykkt í Skipulagsráði þann: _____ 20____.

Afgreiðslan var staðfest á fundi Borgarráðs þann _____ 20____.

f.h. skipulagsstjóra

Björn Ingi Edvardsson

Björn Axelsson